



Fundur í byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 23. maí kl. 16:00 2013 í fundarsal í Végarði.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, form. byggingarnefndar
Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi í byggingarnefnd
Jón Þór Þorvarðarson, fulltrúi í byggingarnefnd
Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

Jónas Hafþór hefur flutt úr sveitarfélaginu og sagt sig úr byggingarnefndinni. Varaformaður Eiríkur J. Kjerúlf hefur tekið við formennsku í nefndinni og varamaður í byggingarnefndinni Jón Þór Þorvarðarson flytst þar með upp í sæti aðalmanns í nefndinni.

1. Skriðuklaustur. Íbúðarhús Hallgríms og Önnu Bryndísar.

Á fundi byggingarnefndar 20. júní 2011 voru samþykktar byggingarnefndarteikningar af húsinu. Síðan hefur staðsetningu hússins verið breytt svo og innra fyrirkomulagi og útliti. Nýir uppdrættir eru nú lagðir fram þar sem gerð er grein fyrir áorðnum breytingum.

Íbúðarhúsið er að stofni til byggt upp úr fjórum húsgámaeiningum sem hver um sig er 3 m á breidd og 12 m á lengd. Húsið verður klætt að utan með lerki og bárujárni. Þak er hefðbundið sperrupak með 250 mm steinullareinangrun með bárujárni. Innveggir verða klæddir með gífsi og þak að innan með viðarklæningu. Sökkklar eru staðsteyptir.

Helstu stærðir:

Botnflötur jarðhæðar	207,4 m ²
Botnflötur 2. Hæðar	173,3 m ²
Brúttó rúmmál	1.139,6 m ³

Á fundi byggingarnefndar 18. desember 2012 voru lagðar fram lagna- og burðarvirkisteikningar af húsinu.

Byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti áorðnar breytingar á uppdráttum hússins sem fyrst og fremst taka til breytinga á fyrirkomulagi innanhúss, ytra útliti svo og staðsetningu.

2. Óbyggðasafn á Egilsstöðum.

Gamalt gripahús og hlaða eru endurbyggð og stækkuð. Koma á fyrir í húsinu safni tileinkað óbyggðum og afréttum Fljótsdælinga.

Í rishæð hlöðuhlutans verður möguleiki á gistingu fyrir allt að 20 manns og gert er ráð fyrir að í sölum safnsins geti verið allt að 40 manns í einu.

Sökklar og gólf eru steipt á þjappaðri fyllingu, einangrað með 75 mm plasteinangrun. Veggir neðri hæðar eru steiptir og einangraðir að utan með 100 mm steinullareinangrun og klæddir með standandi timburklæðningu. Að innan verða veggir klæddir með viðarklæðningu.

Grunnflötur hlöðunnar er stækkaður til suðurs um sem nemur 7,23 m lengingu og breidd 5,71 m. Jafnframt er þak hlöðunnar endurbyggt í heild sinni og hækkað og rishalli aukinn. Þak gripahúsins austan hlöðunnar er einnig endurbyggt og hækkað lítillega.

Helstu stærðir:

Brúttó flatarmál.	Neðri hæð	157,0 m ²
„ „	Efri hæð	101,5 m ²
Brúttó rúmmál		726,9 m ³

Frárennislagnir tengjast 3-hólfa rotþró með siturlögnum, sem komið verður fyrir í hallinu austan hússins. Húsið verður hitað með varmadælu og gólfhitalögnum.

Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að kynna uppdrætti Óbyggðasafnsins fyrir Brunavörnum Fljótsdalshéraðs og Heilbrigðiseftirliti Austurlands m.t.t. hugsanlegra athugasemda.

Að fengnum viðbrögðum ofangreindra aðila mun byggingarnefnd koma saman að nýju og afgreiða erindið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00.

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign:

Eiríkur J. Kjerúlf
Helga Vigfúsdóttir
Jón Þór Þorvarðarson